

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Hallkelshóla.*  
Í breytingunni felst að þakhalli má vera á bilinu 0-45 gráður í stað 0-30 gráða. Hámarkshæð mænis er óbreytt, 6 m.  
Samþykkt í sveitarstjórn 6. nóvember 2008.
2. *Deiliskipulag fyrir lögbylið Skála úr landi Bjarnastaða I.*  
Deiliskipulagið nær til Skála, 10 ha nýs lögbylis úr landi Bjarnastaða I, þar sem markaðar eru lóðir og byggingarreitir fyrir íbúðarhús, skemmu og hesthús. Hámarksstærð íbúðarhússins er 320 m<sup>2</sup>, en hámarksstærð skemmunnar og hesthússins er 500 m<sup>2</sup>. Þakhalli má vera 0-45 gráður og hámarksmænishæð er 6 m yfir jörðu.  
Samþykkt í sveitarstjórn 4. desember 2008.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 14. janúar 2009.*

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

**Pétur Ingi Haraldsson.**